

Ár 1984, miðvikudaginn 22. ágúst, var í málinu nr. 4/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að ágreiningur hefur risið milli Björns Erlendssonar annars vegar og Mosfellshrepps hins vegar út af álagningu fasteignaskatts á landareign ásamt vatnsréttindum við Myrkurtjörn í Mosfellshreppi, en fasteign þessi er í eigu Björns. Í bréfi Björns til nefndarinnar segir meðal annars:

"Eign þessi upb 10 ha (sjá meðf. mynd) er eins og stendur og frá júlí 1980, eingöngu notuð fyrir klak á laxahrognum og eldi á laxaseiðum.

Hingað til hefur fasteignaskattur verið 1,0%. Tel ég að eignin falli undir álagningarákvæði a/ 0,5% "jarðeign, sem ekki er nytjuð til annars en landbúnaðar", á meðan laxeldi er stundað þar."

Í málinu liggur fyrir umsögn Mosfellshrepps og segir þar meðal annars:


"Framangreind landareign er skilgreind sem sumarbústaðaland, og hefur svo verið um langan tíma. Samkvæmt nýlega staðfestu aðalskipulagi Mosfellshrepps 1983-2003 er landsvæðið umhverfis Krókatjörn og Myrkurtjörn skilgreint sem sumarbústaðsvæði og ekki gert ráð fyrir að innan þess svæðis verði um aðra landnotkun að ræða.

Bréfritari hefur ekki hlotið samþykki hreppsnefndar fyrir neinni starfsemi á landareigninni þó ekki hafi verið amast við henni. Hins vegar felst ekki í aðgerðarleysi hreppsyfirvalda viðurkenning á því að hér sé um landbúnaðarsvæði að ræða, og því tel ég að synja beri beiðni bréfrítara um að viðkomandi landareign taki álagningu samkvæmt A-flokki."


Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, er umrædd fasteign nýtt til landbúnaðar, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Samkvæmt því ber við álagningu fasteignaskatts að leggja til grundvallar a-lið 2. málsg. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreinda fasteign ber að skattleggja til fasteignaskatts á grundvelli a-liðs 2. málsg. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.


Pétur Stefánsson.


Gaukur Jökundsson.


Guðmundur Magnússon.